

Aðalfundar Sorpurðunar Vesturlands hf. haldinn miðvikudaginn 22. mars 2023 kl. 13 á Hótel Hamari, Borgarbyggð.

Formaður Kristinn Jónasson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um Bjarka Þorsteinsson sem fundarstjóra og Hrefnu B Jónsdóttur sem fundarritara.

Brynju Þorbjörnsdóttur falið að koma kjörbréfum til fundarstjóra auk þess að vinna að störfum kjörnefndar, ásamt Einari Brandssyni og Lindu B Pálsdóttur.

Fundarstjóri þakkaði traustið og lýsti yfir lögmæti fundarins.

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.

Kristinn Jónasson, formaður fór með skýrslu stjórnar Sorpurðunar Vesturlands hf. Sjá nánar skýrslu stjórnar í heild sinni hér aftast í fundargerð.

Kristinn þakkaði Þorsteini Eyþórssyni sérstaklega gott samstarf en hann lét af störfum vegna aldurs um áramót en Steini hafði verið umsjónarmaður í Fíflholtum frá árinu 2008.

Jón Eiríkur Einarsson gerði grein fyrir kjörbréfum fundarins. Mættir voru fulltrúar fyrir alla eigendur félagsins. Eigendur félagsins eru nú níu talsins.

2. Ársreikningar félagsins og grænt bókhald.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi og grænu bókhaldi félagsins. Heildartekjur félagsins eru 206.012.019 kr. Rekstrargjöld eru 117.466.403 kr. fjármunatekjur 18.751.757 kr. og tekjuskattur 11.463.234 kr. Hagnaður ársins 85.834.139 kr. Samþykkt samhljóða.

Samtals voru urðuð 16.226 tonn af úrgangi árið 2022.

3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Gerð er tillaga um að stjórnarlaun taki mið af þingfararkaupi. Greiðsla verði fyrir hvern fund. Formanns laun verði 5% eða 67.280 kr. og aðrir stjórnarmenn kr. 33.640 kr.. + ½ dagpeningur greiddur pr. fund og akstur greiddur samkvæmt reglum RSK hverju sinni. Samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar

Engar

5. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.

Stjórn gerir þá tillögu til stjórnar að greiddur verði 15% arður til eigenda félagsins. Hagnaður frá rekstri leggist við eigið fé félagsins. Samþykkt.

6. Kosning stjórnar.

Brynja Þorsteinsdóttir
Finnbogi Leifsson
Ómar Örn Kristófersson
Steinunn Magnúsdóttir
Kristinn Jónasson
Emil Kristmann Sævarsson
Magni Grétarsson

Borgarbyggð
Borgarbyggð
Hvalfjarðarsveit
Sveitarfélagið Stykkishólmur
Snæfellsbæ
Akraneskaupstaður
Akraneskaupstaður

7. Kosning löggilts endurskoðanda.

Gerð tillaga um að KPMG verði áfram löggiltur endurskoðandi félagsins.
Samþykkt.

8. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Framkvæmdastjóri vakti athygli á störfum innan Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvatti fundarmenn að leita sér ráðgjafar þar toðar ef þurfa þykir. Ýmis verkefni eru þar í vinnslu sem urðu til við lagabreytingar

Kristinn Jónasson þakkaði samstarfsfóki sínu í stjórn samstarf liðins árs. Sérstaklega þakkaði hann fráfarandi stjórnarmönnum sem eru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Karitas Jónsdóttir, Sævar Jónsson og Unnur Þóra Sigurðardóttir., fyrir samstarf liðinna ára. Nýkjörnu stjórnarfélagi bauð Kristinn velkomið til starfa. Einnig þakkaði hann framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf og öðru starfsfólki fundarins og sleit fundi.

Fundi slitið kl. 14:00.

HBJ

Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 2023

Skýrsla stjórnar

Ágætu fundarmenn, hér á eftir mun ég flytja skýrslu stjórnar Sorpurðunar Vesturlands.

Reksturinn á árinu 2022 gekk vel. Mun Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri fara yfir reksturinn hér á eftir.

Árið 2022 er nítjándi árið sem Sorpurðun Vesturlands hf. skilar grænu bókhaldi. Fyrirtækið hefur leitast við að fylgja góðum umgengnisreglum í hvívetna og efla upplýsingakerfi sitt þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar.

Nýtt starfsleyfi urðunarstaðarins í Fíflholtum var gefið út af Umhverfisstofnun 23. desember 2022 og gildir til ársins 2038 og veitir heimild til móttöku og urðunnar úrgangs á allt að 25 þúsund tonnum á ári.

Á síðasta aðalfundi voru eftirtalin kosin í stjórn félagsins:

Kristinn Jónasson, formaður	Snæfellsbær
Karítas Jónsdóttir	Akraneskaupstaður
Brynja Þorsteinsdóttir	Borgarbyggð
Eyjólfur Ingvi Bjarnason	Dalabyggð
Finnbogi Leifsson	Borgarbyggð
Sævar Jónsson	Akraneskaupstaður
Unnur Þóra Sigurðardóttir	Grundarfjarðarbæ

Framkvæmdastjóri er Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfseminni í Fíflholtum. Samkvæmt starfsleyfinu er urðunarstaðnum heimilt að taka við öllum meðhöndluðum úrgangi öðrum en spilliefnum.

Samtals voru urðuð 16.767 tonn af úrgangi í Fíflholtum á árinu 2022. Einnig var tekið við 2.515 tonnum af kurluðu timbri sem notað er til yfirlags í urðunarreinum.

Í árslok 2022 hafði úrgangur verið urðaður í Fíflholtum í 24 ár og var heildarmagn urðaðs úrgangs frá upphafi þá komið í 268.758 Þar af hafa 142.137 tonn verið urðuð í rein 4, sem er sá urðunarstaður sem starfræktur er í dag.

Alls þurfti að grípa til lokunar urðunarstaðarins 32 sinnum á árinu 2022. Oft var um hluta úr degi að ræða, en staðnum er lokað ef hámarksvindur fer yfir 18 m/sek.

Á árinu 2022 var plantað í svæðið ofan við kyndilinn. Um er að ræða land sem var girt af til að útbúa gott og beitarlaust svæði norðan við hið hefðbundna athafnasvæði

urðunarstaðarins. Með árunum mun hið nýja skógræktarsvæði mynda skjól fyrir urðunarstaðinn en norðanáttin er oft hvöss á svæðinu og sárvantar því skjól.

Við erum ánægð með þessa vinnu okkar að rækta landið upp með trjáplöntum og ætlum að halda því áfram næstu árin það mun gefa svæðinu fallett yfirbragð.

Vöktun urðunarstaðanna tveggja (eldri og nýrri) er aðskilin. Í fyrirmælum Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun eldri staðarins er heimilt að samnýta mælingar vegna beggja staðanna.

Á árinu héldum við áfram vinnu við að hanna nýja urðunarrein, urðunarrein sem verður sú 5 hjá okkur. Þetta verður kostnaðarsöm aðgerð og gæti heildarkostnaður við framkvæmdina orðið um 550 m.kr.. Þrátt fyrir mikinn kostnað þá verður kostnaður á hver kíló frekar lágur og við fáum stórt svæði til að urða í sem ætti að endast okkur í þó nokkurn tíma.

Ljóst er að við verðum að hætta fljótlega að taka á móti dýrahrejum og urða þau en það er bannað í dag. Mikilvægt er að fundin verður leið fyrir afsetningu dýrahreja eftir að móttöku þeirra verður hætt í Fíflholtum. Hvet ég ykkur til að lesa skýrslu Stefáns Gíslasonar varðandi það mál.

Samkvæmt eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar vegna reglubundins eftirlits 21. júní 2022 komu engin frávik fram við eftirlitið og engar ábendingar voru gerðar.

Markvisst hefur verið unnið að því að hefta fok frá urðunarstaðnum, m.a. með uppsetningu fokvarnargirðinga. Fokgirðingarnar hafa reynst vel við að grípa fokefni.

Árið 2022 er fjórða heila árið sem gassöfnun er í gangi í Fíflholtum, en kyndill/metangasbrennari var gangsettur 26. nóvember 2018.

Á árinu 2022 var samtals 52.489 kg. af metani safnað og brennt í kyndlinum. Söfnun ársins 2021 var 46.441 kg., það er aukning upp á 13% milli áranna 2021 til 2022.

Haustið 2019 lagði Sorpurðun Vesturlands hf. fram úrbótaáætlun vegna hreinsunar sigvatns, sem samþykkt var af Umhverfisstofnun sama ár. Unnið var eftir þessari úrbótaáætlun á árinu. Síðla vetrar 2021 var hafist handa við fyrstu verkþættina og var þá lagður slóði frá síubeði niður að skurðakerfi. Eftir það var unnið að frágangi vegarslóða og skurðakerfis allt fram í desember. Verkefninu var fram haldið á árinu 2022. Þetta nýja kerfi tengist síðubeðinu með þeim hætti að sigvatn er leitt í plaströri niður að efsta hluta skurðakerfisins. Völdum trjáplöntum hefur verið plantað milli skurðanna og er þeim ætlað að taka upp næringarefni úr vatninu. Hér er því um náttúrulega hreinsun að ræða sem er jákvætt að okkar mati.

Í samræmi við ákvæði 6. greinar laga nr. 55/2003 og samkomulag frá 15. maí 2009 hefur samstarfsvettvangur SORPU bs., Sorpurðunar Vesturlands hf., Sorpstöðvar

Suðurlands bs. og Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. unnið tillögu að nýrri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði samlaganna fjögurra fyrir tímabilið 2022-2033. Tillagan var kynnt á vettvangi aðildarsveitarfélaganna á vinnslustigi, Eftir umsagnarferli og að teknu tilliti til ábendinga var skýrslan tilbúin til endanlegrar útsendingar í árslok. Þann 14. desember 2022 undirrituðu framkvæmdastjórar sorpsamlaganna fjögurra áætlunina og var hún formlega út gefin sama dag.

Nokkrir stjórnarmenn munu nú ganga úr stjórn og vil ég þakka fyrir afar gott samstarf.

Starfsmönnum Sorpurðunnar vil ég þakka fyrir þeirra störf fyrir fyrirtækið og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka sérstaklega Þorsteini Eyþórssyni fyrir hans störf en hann lét af störfum nú um áramótin en hann starfaði hjá okkur í fjöldamörg ár en Þorsteinn sá um reksturinn í Fíflholtum. (Hóf störf í ársbyrjun 2008)

Hrefnu B. Jónsdóttur framkvæmdastjóra vil ég þakka fyrir hennar störf fyrir Sorpurðun Vesturlands hf.

Læt ég lokið skýrslu stjórnar.

f.h. stjórnar.

Kristinn Jónasson, formaður.